

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2019, mánudaginn 25. nóvember kl. 13:15 var haldinn 282. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1. Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Einnig sátu fundinn Ingvar Stefánsson, staðgengill forstjóra og Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Petta gerðist:

1. Fundargerð SF 281 samþykkt og undirrituð.
2. Klukkan 13:15 mættu til fundarins Bjarni Freyr Bjarnason, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra, Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds, Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar og Sunna Jóhannsdóttir, fulltrúi í endurskoðunarnefnd. Ingvar Stefánsson kynnti 9 mánaða uppgjör. Ingvar Stefánsson kynnti árs hlutareikning, 9 mánaða uppgjör. Lárus Finnbogason gerði grein fyrir aðkomu endurskoðunarnefndar að reikningnum. Umræður. Reikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

Ingvar Stefánsson gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar og lagði fram svohljóðandi tillögu. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) veitir forstjóra og framkvæmdastjóra fjármála heimild til fjármögnunar í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir allt að 13,1 milljarða króna á árinu 2020 samkvæmt fjárhagsspá.

Framangreindar heimildir ná einnig til undirritunar allra skjala sem þær ná yfir.

Samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og Valgarðs Lyngdal. Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir sitja hjá.

Ingvar Stefánsson lagði fram og kynnti áhættuskýrslu, dags. 30.9.2019. Umræður.

3. Klukkan 14:00 mættu Ögmundur Skarphéðinsson, arkitekt og Ólafur Hersisson til fundarins ásamt Gretti Haraldssyni, verkefnisstjóra og Kenneth Breiðfjörð, forstöðumanni innkaupa og kynntu endurgerð á Vesturhúsi á Bæjarhálsi. Umræður. Yfirgáfu fund kl 14:30.
4. Klukkan 14:32 mættu til fundarins sigurvegarar í hönnunarsamkeppni, lögðu fram og kynntu hönnunarhandbók vegna Sögu- og tæknisýningar í Elliðaárdal. Lögð fram svohljóðandi tillaga. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur felur forstjóra að láta vinna fyrsta hönnunaráfanga að sögu- og tæknisýningu í Elliðaárdal á grunni hönnunarhandbókar (hönnunaráfanga 0) sem sigurvegarar hugmyndasamkeppni OR hafa unnið frá því í sumar og skilað til stjórnar. Áætlaður kostnaður við áfangann auk kostnaðar við verkefnisstjórn og skráningu Borgarsögusafns á safnmunum er 53 mkr. auk virðisaukaskatts.

Samþykkt samhljóða.

Fulltrúar Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar óska bókað:

Við undirrituð fögnum þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið fyrir stjórn OR um uppbyggingu sögu- og tæknisýningar í Elliðaárdal og myndarlega aðkomu Orkuveitu Reykjavíkur að þeirri uppbyggingu. Jafnframt hvetjum við til samtals við önnur eigendasveitarfélög með það að markmiði að Orkuveitan eða dótturfélög hennar komi með sambærilegum hætti að uppbyggingu útivistarsvæða og varðveislu menningarminja þar.

Valgarður Lyngdal Jónsson, fulltrúi Akraneskaupstaðar
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, fulltrúi Borgarbyggðar

5. Upplýsingatæknistefna og upplýsingaöryggisstefna lagðar fram til rýni. Stefnurnar rýndar og samþykktar óbreyttar.
6. Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri mætti til fundarins kl 15:10, lagði fram umhverfis- og auðlindastefnu og stefnu um vistvænar samgöngur til rýni. Stefnurnar rýnda og samþykktar samhljóða.
7. Klukkan 15:25 mætti Hildigunnur Thorsteinsson, framkvæmdastjóri Rannsóknna og nýsköpunar til fundarins, lagði fram og kynnti ásamt umhverfisstjóra minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 21. nóvember 2019 og um stöðu forðagæslu, dags. 21. nóvember 2019. Umræður.
8. Lögð fram til staðfestingar svohljóðandi tillaga stjórnar, sem samþykkt var á milli stjórnarfunda:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur staðfestir þá ákvörðun, sem tekin var milli stjórnarfunda, að samstæða Orkuveitu Reykjavíkur skuli kolefnishlutlaus fyrir árið 2030. Forstjóra er falið að leggja fyrir stjórn áætlun um hvernig markmiðinu skuli náð.

Samþykkt samhljóða.

9. Drög að starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2020 lögð fram til kynningar. Umræður.
10. Klukkan 15:53 mætti Inga Dóra Hrólfsdóttir, verkefnastjóri til fundarins og kynnti lykilverkefni í stefnu OR. Ákveðið að setja umfjöllun um einstök verkefni inn í starfsáætlun stjórnar.
11. Lögð fram skýrsla forstjóra, dags. 21. nóvember 2019, um starfsemina á milli stjórnarfunda. Umræður.
12. Önnur mál.
 - Lagt fram erindi Neytendasamtakanna, dags. 14. nóvember 2019. Formanni og varaformanni falið að svara erindinu.
 - Svar við fyrirspurn Eyþórs Laxdal Arnalds varðandi Lambhaga, dags. 12. nóvember 2019 lagt fram svar. Samþykkt að óska nánari upplýsinga um málið frá Veitum á desemberfund. Eyþór Laxdal Arnalds og Hildur Björnsdóttir óska bókað:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa yfir áhyggjum af miklum gjaldskrárbreytingum á heitu vatni til stórnotenda svo sem ylræktenda. Ræktun íslensks grænmetis stendur höllum fæti í samkeppni við innflutt grænmeti, með tilheyrandi hættu á auknu kolefnisspori. Breyting á gjaldskrá Veitna hækkar að óbreyttu hjá framleiðendum grænmetis sem eru viðskiptavinir Veitna. Mikilvægt er að skoða afsláttarþrep stórnotenda heits vatns sem fyrirhugað er að breytist verulega um næstu áramót.
 - Lýsing vatns fyrirhuguð í Reykjavík. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra Veitna, dags. 22. nóvember 2019.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:55.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 16. desember 2019.

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon
Eyþór Laxdal Arndals
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir
Hildur Björnsdóttir
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.